

Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalin,  
skipulagsfulltrúi  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatni



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2012  
Tilvisun: UST20120400032/ksj

## **Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Greinargerð, stefna og skipulagsákvæði. Drög til umsagnar.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

### **Mannvirki**

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um að öll mannvirki skuli felld að landi og að umfang bygginga sé í góðu samræmi við rómaða náttúrufegurð svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir: „*Hönnun mannvirkja. Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti landsins.*“

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

### **Skógrækt**

Í umfjöllun um skógrækt í kaflanum leiðarljósi kemur fram að Norðurlandsskógar hafa sett sér markmið um að 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli verði þakið skógi. Einnig segir í sömu umfjöllun að: „*Skógræktarsvæði eru ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti en skipulagsáætlunin gerir bæði ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum og til skjóls, landbóta og útivistar.*“ Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur eftirfarandi fram: „*4.14.2 Landbúnaðarsvæði í skipulagsáætlunum. Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir landbúnaðarsvæðum, helstu einkennum svæðanna og þess búrekstrar sem þar er stundaður og er fyrirhugað að stunda. Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skógræktarsvæði séu skilgreind t.d. á þema kort með

aðalskipulagi.

Varðandi skógrækt minnir Umhverfisstofnun einnig á að í 36. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur eftirfarandi stefnumörkun um skógrækt fram: „*Ræktun. Við túnrækt, skógrækt, uppgæðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.*”

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um skógrækt í umfjöllun um umhverfismál í kaflanum leiðarljósi en þar segir: „*Í skógræktaráætlunum skal fyrst og fremst miðað við innlendar trjátægundir. Það á sérstaklega við um verndarsvæði Mývatns og Laxár.*”

### **Frístundabyggð**

Í drögum að aðalskipulagi Skútustaðahrepps kemur fram að frístundabyggð er áætluð á 6 svæðum innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun bendir á að það svæði sem nú er í uppbyggingu þ.e. frístundabyggðin Birkiland í landi Voga 3 er að byggjast upp á svæði þar sem vex upprunalegur birkiskógur og einnig er á svæðinu nútímahraun. En samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda „*Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*” eru birkiskógar lykilvistkerfi er ber að forðast að skerða frekar en orðið er og nútímahraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Upprunalegir birkiskógar á Íslandi hafa átt undir högg að sækja og það er mikilvægt viðfangsefni að tryggja að þeim verði ekki raskað enn frekar. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að í stefnumörkun aðalskipulags Skútustaðahrepps komi fram áhersla á að við uppbyggingu samþykkrar frístundabyggðar í landi Voga 3 verði þess gætt að forðast röskun nútímahrauns og birkiskóga ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun leggst gegn stækkun frístundabyggðar í landi Birkilands til austurs.

### **Efnistökusvæði**

Alls eru merkt 17 efnistökusvæði á sveitarfélagsuppdrætti er fylgir drögum að aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að loka og ganga frá námu í Námaskarði. Námaskarði er fjölfarið ferðamannasvæði og er óheppilegt að mati stofnunarinnar að hafa þar efnistöku vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa. Nú þegar er laust efni í námunni og ætti stefnan varðandi viðkomandi námu að vera sú að nýta lausa efnið og loka síðan námunni og ganga frá henna til frambúðar.

Á sveitarfélagskort og í greinargerð er náma í Jarðbaðshólum ekki sýnd eða nefnd og þar með telur Umhverfisstofnun að náman sé ekki ætluð til efnistöku á skipulagstímabili aðalskipulagstillögunnar. Umhverfisstofnun tekur undir áform um að nýta þá námu ekki meir og loka henna og ganga frá, enda ástandið ekki gott á námasvæðinu. Svæðið er fjölfarið og mikilvægt að ekki séu neikvæð sjónræn áhrif frá námunni.

Stofnunin bendir á stefnumörkun stjórnvalda *Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020* en þar segir: „*Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námusvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar.*”

### **Samgöngu- og þjónustukerfi**

Í kafla um markmið varðandi samgöngur kemur fram að eitt af markmiðum

aðalskipulagsins er eftirfarandi: „*Hugað verði að skilgreiningu nýrra vegna um sveitina fjarri vatnsbökkum Mývatns vegna vaxandi gegnumaksturs þungaumferðar.*“

Umhverfisstofnun telur að nýta skuli núverandi vegi sem mest, og telur stofnunin það vandasamt verk að staðsetja nýja vegi á svæði svo ríku af náttúruminum.

Í verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016 kemur eftirfarandi fram: „*Þess verði gætt að nýlagningar vegna og aðrar vegbætur séu í góðu samræmi við vernd svæðisins. Að Umhverfisstofnun hafi eftirlit með því að allar vegaförum séu í samræmi við lög um verndun Mývatns og Laxár. Lækka hámarkshraða á völdum köflum veganna í kring um Mývatn vegna slysa- og mengunarhættu.*

*Gera áhættumat og útbúa viðbragsáætlun vegna mögu-legs mengunarslyss þar sem vegir liggja nærri Mývatni, Laxá og öðrum lykilsvæðum á vatnasviði Mývatns og Laxár.*“ Að mati Umhverfisstofnunar ættu ofangreind atriði að vera leiðarljós við endurskoðun samgangna á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að nýta skuli núverandi vegi sem mest sjá ofangreint. Þrátt fyrir það hefur stofnunin fjallað um framtíðarhugmyndir um breytingar á vegakerfi er fram koma á mynd 6.2. í drögnum. Að mati Umhverfisstofnunar er val leiðar B varhugaverð, þar virðist þurfa að fara yfir Eldgjá og myndi sú leið hafa óafturkræf neikvæð áhrif á náttúruminjar. Þegar B-leið kemur aftur inn á núverandi þjóðveg við Bjarnarflag væri farið fram hjá járnhaug sem yrði mögulega til þess að hann yrði hreinsaður. Varðandi þann hluta leiðarinnar er kallast C yrði hún mikið inngríp í ósnortna náttúru. Mögulega yrði minni skerðing á hrauni og birkikjarri ef leið C færi austan við Hverfjall.

## **Náttúruminjar**

Þann 22. júní 2011 var Hverfjall í Skútustaðahreppi friðlýst sem náttúruvætti. Í auglýsingu um friðlýsingu koma fram mörk náttúruvættisins og eru þau nánar tilgreind í hnitatöflu. Í 10. gr. ofangreindrar auglýsingar kemur fram að allar framkvæmdir innan náttúruvættisins séu háðar leyfi landeigenda, Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar. Einnig kemur fram að framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Það er á áætlun hjá Umhverfisstofnun að taka frá þjónustusvæði innan friðlýsta svæðisins Hverfjalls og þar koma til með að verða framkvæmdir eftirfarandi þættir: Bílastæði alls 50 talsins, byggt verði salernishús og komið fyrir rotþró í tengslum við það. Einnig stendur til að setja upp fræðsluskilti, hjólagrindur og mögulega verða settir upp áningastaðir. Meðfylgjandi sem fylgiskjal þessarar umsagnar eru hnit væntanlegs þjónustusvæðis. Umhverfisstofnun óskar eftir að því að áætlað þjónustusvæði innan náttúruvættisins Hverfjalls verði sýnt á landnotkunaruppdrætti og gerð verði grein fyrir því í greinargerð, sjá fylgiskjal með umsögninni.

Í kafla um náttúruminjar og vernduð svæði er listi yfir hverfisvernduð svæði innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun tekur undir stefnu sveitarfélagsins um hverfisvernduð svæði og hvetur Skútustaðahrepp til að ganga lengra og vinna áfram að friðlýsingum innan sveitarfélagsins.

## **Fráveita**


Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að: „*Fráveitumál eru almennt í góðu lagi í hreppnum.*“ Einnig kemur fram að til séu innan hreppsins gamlar rotþrær sem eru án siturlagna og síubeða. Ennfremur kemur fram að úrbætur séu í eðlilegu ferli. Að mati Umhverfisstofnunar

þarf að koma fram hvað eðlilegt ferli er og hvaða tímafrestir eru gefnir til úrbótanna. Einnig kemur fram að sveitarstjórn stefni að því að leggja fram fráveituáætlun til kynningar og samþykktar hjá Umhverfisstofnun. Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að fram komi á hvaða tímabili sveitarstjórn muni koma fram með fráveituáætlun. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eru skýr tímasett fyrir mæli um úrlausnir í fráveitumálum.

### Rafveita


Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir sveitarfélagsins um að jarðstrengir leysi smám saman loftlínur af hólmi, að öðru leyti en í þeim tilfellum er flutningslínur fara um svæði sem þakin eru nútíma hrauni er nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg B. Guttormsdóttir

Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun